

## **Foreldrafélag Verzlunarskólans - Fundargerð**

**Fundur þann 11. maí. klukkan 17:30**

**Mættar:** Þórdís Guðmundsdóttir, Díana Arnfjörð, Helga María Rúnarsdóttir, Svandís Sturludóttir ,  
María Björk Óskarsdóttir og Helga Sverrisdóttir

**Fundarritari:** Helga Sverrisdóttir

### **Dagskrá fundarins:**

Skólaslit fyrst og fremst á dagskrá fundarins en vetrarlokin nálgast og ná hámarki með lokaballi þann 15. maí. Ballið er aldrei þessu vant haldið á föstudegi og stjórn hefur áhyggjur af mönnun í ballgæslu þar sem skólanum er lokið á þessum tíma. Helga Sverrisdóttir tekur að sér að fara í gæsluna og reynir til hins ítrasta að fá fleiri. Svandís hefur jafnframt samband við Forvarnarfulltrúa og lætur vita af erfiðleikum varðandi mönnun á gæslunni á ballinu.

Ákveðið að gefa svipaða vinninga í edrúpottinn fyrir lokaballið og verið hefur.

### **Önnur mál:**

Skólasetning næsta vetrar verður þann 18. ágúst. nk.

María Björk tekur að sér á fara á Nýnemakynningu og munum við síðar athuga með fyrirlestur í boði foreldrafélagsins fyrir aðalfund foreldrafélagsins. Þá þarf að kynna félagsgjöld fyrir foreldrum og hefur stjórn ekki hug á að hækka þau milli ára.

Ákveðið að hittast eða vera í sambandi í ágúst fyrir skólasetningu og skipuleggja starfið fyrir næsta vetur, nýnemakynningarnar, nýnemaballið, aðalfundinn og annað sem tilheyrir skólabyrjun.

Stjórn hefur áhyggjur af fækkun á nýnemum í skólanum í því námsálagi sem það mun hafa í för með sér. Það er orðið óhuggulegt stress sem fylgir því að vera í tíunda bekk sem stjórn telur að geti haft áhrif á andlegt heilbrigði og geðheilsu barna.

Fleira ekki gert ,  
fundi slitið kl. 18:30

Helga Sverrisdóttir, ritari